Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Steinahlíð

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 5
4. Starfsþróunarsamtöl 7
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 7
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 7
7. Foreldrasamstarf 8
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 8
8.1 Innra mat deilda 2025-2026 8
8.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027 10
8.3 Umsögn foreldraráðs 13

1. Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Steinahlíð er lítill þriggja deilda leikskóli. Í skólanum eru öllu jafna 51 barn. Stöðugildi í skólanum eru um 14.

Starfsmannahald hefur verið nokkuð stöðugt þennan veturinn. Við höfum nokkuð hátt hlutfall af fagmenntuðu fólki. Í leikskólanum starfa sex leikskólakennarar, einn af þeim hefur þó verið í launalausu leyfi síðan í október. Að auki má nefna að við höfum starfsmann sem útskrifast sem kennari núna í haust. Einnig höfum við starfsmenn með aðra menntun. Stjórnendur hafa hvatt starfsfólk til þess að sækja sér menntun.

Við munum halda áfram að leggja áherslu á útiveru og útinám í allri sinni mynd. Við höfum nýtt okkur gróðurhúsið okkar til ræktunar. Það hefur gert það að verkum að við höfum getað byrjað fyrr á vorin að hefja ræktun. Segja má að með tilkomu gróðurhússins hafi skapast hefð fyrir því að elstu börn leikskólans rækta Skjaldfléttu sem þau fá svo afhenta við útskriftarathöfn. Við höfum rætt það að það þurfi að finna gróðurhúsinu betri stað. Undirlag þess þolir ekki þyngd þess. Við þurfum því að finna betri stað þar sem undirlag er traustara.

Eins og fyrri ár þá bjóðum við öllu starfsfólki og foreldrum allra barna að taka sér smá skika til ræktunar í matjurtargarðinum okkar. Félagasamtökin sumargjöf hafa staðið straum af kostnaði við að plægja garðinn.

Segja má að við séum enn mikið að horfa til þeirra umbótaþátta sem við völdum okkur fyrir nokkru síðan. Þeir eru: Hópastarf, útinám og félagsfærni.

Starfsmannasamtöl hófust í febrúar. Ekki reyndist þó unt að klára þau. Ég mun halda áfram að taka fólk í slík samtöl við fyrsta tækifæri. Að auki má nefna að ég hef lagt áherslu á það við fólkið sem hér starfar að ræða við mig um málefni líðandi stundar jafn óðum og slík mál koma upp. Í samtölum við fólkið sem hér starfar, bæði í starfsmannasamtölum og einnig í óformlegum samtölum hefur komið fram að fólkið er sátt hér. Ég geri því ekki ráð fyrir miklum breytingum á starfsmannahaldi á næstunni. Ég tel mikilvægt að halda í fólkið mitt, með því sköpum við festu og öryggi sem eru grunnþættir í faglegu starfi með börnum.

Almenn ánægja virðist ríkja um leikskólastarfið hjá foreldrum. Úr foreldraviðtölum kom fram ánægja með starfið. Ekki var framkvæmd viðhorfskönnun meðal foreldra þetta árið, síðast þegar slík könnun var framkvæmd komum við mjög vel út.

Ef horft er fram á næsta ár mun útinám klárlega verða áhersluatriði. Ég hef alltaf reynt að leyfa góðum hugmyndum að lifa. Eins og komið hefur fram hér að framan er ég afar stoltur af því fólki sem hér starfar. Þetta fólk er uppfullt af hugmyndum að allskonar verkefnum. Ég hef reynt að gera mitt besta til þess að gefa þessum góðu hugmyndum líf svo að þær verði að veruleika því að þannig gef ég líka fólkinu mínu trú á eigin getu og verðleikum. Þannig heldur maður í gott fólk.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdögum, deildarfundum og deildastjórafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við erum að meta viðburði sem við erum að halda ár eftir ár og eru orðnir fastir í sessi. Eins erum við að meta daglegt starf. Helstu niðurstöður eru að viðburðirnir halda sér eins og hefur verið því vel hefur gengið á þeim. Daglegt starf er alltaf hægt að bæta og þá helst að allir gangi í takt og séu samstíga því sem gert er.

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Reykjavíkurleiðin var metin af foreldraráði. Kynferðisofbeldi og umræður um viðbrögð á starfsdegi og í foreldraráði.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldraráð og starfsmenn leikskólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Skiptar skoðanir á leiðinni eins og von var. Reyna eins og hægt er að vera ekki einn með barni án þess að hafa starfsmann nálægt. Gluggar voru settir í hurðar sem hægt er að loka og hurð inn á klósett barnanna fjarlægð sem þau geti ekki lokað sig inni á.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Bambahús, gróðurhús.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Er ónothæft, húsið er sigið svo ekki er hægt að opna hurðina. Viljum nota það meira en 2 mánuði á ári.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Byggja pall undir húsið eða færa það á stöðugt undirlag.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og rekstraraðilar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vor/sumar 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við sjáum þegar búið er að laga gróðurhúsið og við getum farið að nota það.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hversu mikið getum við nýtt húsið.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Snemmtæk íhlutun /sérkennsla. Börn með fjölbreyttan tungumála og menningar bakgrunn.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk deilda. Tileinki sér að kynna sér markmið einstaklingsáætlunar barns og niðurstöðu teymisfunda. Að hafa þemaorð vikunar í Lubbastundum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk geti nýtt sér markið barnanna í vinnu inni á deild.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á endurmatsfundum sérkennsluteymis c.a. 1 x í mánuði.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að einstaklingsnámskrár séu nýttar í vinnu á deild og að niðurstaða teymisfunda komist til skila til allra starfsmanna á viðkomandi deild. Lesið og kvittað fyrir.

4. Starfsþróunarsamtöl

Hvernig og hvenær fóru þau fram? Mars – maí 2026 á skrifstofu leikskólastjóra.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Símenntun starfsmanna er mikilvægur þáttur í starfi leikskóla. Hér í Steinahlíð hefur löngum verið lögð áhersla á útinám og ræktun. Símenntun starfsmanna hefur litast mikið af þessum áherslum og sjáum við ekki fram á að það muni breytast.
Við höfum verið að vinna í skólanámskrá leikskólans. Fræðsla sem tengist námskrárgerð mun án efa koma upp á næstu mánuðum.
Veturinn 2026 til 2027 er engin ferð erlendis plönuð. Vel má þó vera að við förum í heimsóknir á aðra leikskóla á Íslandi.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027 byggt á umbótaþáttum leikskólans fyrir árið (áherslum skólanámskrár, umbótaáætlana, menntastefnunnar og áherslur úr starfþróunarsamtölum). Hvernig eru starfsdagar skipulagðir út frá þessum forsendum, námferðir, ráðstefnur o.fl.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Vogaskóli			
September 2026	Samstarfsfundur	Vogaskóli	
12 sinnum yfir skólaárið	Íþróttatímar	Vogaskóli	Deildastjóri yngstu bekkja og deildarstjóri elstu barna í Steinahlíð.
2-3 yfir skólaárið	Textílmennt	Vogaskóli	
4-6 sinnum yfir skólaárið	Bókasafnið	Vogaskóli	
2 sinnum yfir skólaárið	Smíði	Vogaskóli	
2 sinnum yfir skólaárið	Samsöngur	Salurinn í Vogaskóla	
2 sinnum yfir skólaárið	Heimilisfræði	Vogaskóli	
2 sinnum yfir skólaárið	Snillismiðja/forritun	Bókasafn Vogaskóla	
2 sinnum yfir skólaárið	Hádegismatur	Vogaskóli	
2 sinnum yfir skólaárið	Heimsókn í kennslustund	Skólastofa Vogaskóla	
4 sinnum yfir skólaárið	7 bekkur kemur að lesa	Steinahlíð, Hlíð	
Ýmsilegt sem ekki er tímasett	Leiksýningar, vasaljósaferðir, þrettándagleði, ræktun, frímínútur, frístundin, útinám með yngribekk.	Í Steinahlíð eða Vogaskóla	Kennarar og starfsfólk.
Maí	Heimsókn	Vogasel	Deildarstjóri

7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er mjög mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Við höfum mótað ákveðnar hefðir hvað það varðar, við höfum nokkra fasta liði sem ekki stendur til að breyta. Mikilvægt er þó að vera vakandi fyrir áhuga foreldrahópsins hverju sinni. Dags dagleg samskipti kennara og foreldra eru mjög mikilvæg. Traust myndast með tíma og í gegnum samskipti sem við eigum við foreldra þegar börnin koma og fara. Í Steinahlíð er starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Kosið er í bæði félögin að hausti.

Okkar reynsla síðustu ár hefur verið að mjög fáir mæta á foreldrafundi á eldri deildum þó góð mæting hafi verið á yngstu deildina. Við ákváðum því að gefa út lítið fréttabréf fyrir tvær eldri deildar þar sem helstu upplýsingar um starfið og leikskólann koma fram. Yngsta deildin heldur áfram að vera með foreldrafund að hausti þar sem þörfin og þátttakan er meiri.
Tvisvar á ári er boðið upp á foreldraviðtöl. Í þeim viðtölum er þroski og framgangur barnsins ræddur. Mikilvægt er þó að foreldrar hafi aðgang að starfsmönnum ef eitthvað sérstakt kemur upp svo hægt sé að ræða það jafn óðum.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal Steinahlíðar

8.1 Innra mat deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Hlíð

Styrkleikar

Málörvun, hópastarf og frjáls leikur eru okkar helstu styrkleikar í starfi.
Málörvun fer fram í öllu því sem við erum að gera á deildinni, við matarborðið, í fataklefanum, í leik, söngstundir, samverustundir, lestur bóka og ljóða, segjum og búum til sögur og leikrit, Lubba stundir og margt fleira.
Hópastarf: hver hópur fer vikulega í útinám, mynd- og textílmennt, hreyfingu/jóga og tónlist.
Frjáls leikur: við gefum frjálsum leik mikið rými í starfinu og höfum ýmsan efnivið honum til stuðnings eins og einingakubba, holukubba og fleira.

Tækifæri

Ef hægt væri að leyfa efniviðnum að vera , án þess að þurfa alltaf að taka til, væri það frábært. Það er bara svo lítið pláss að við þurfum að nota rýmið í annað líka eins og matartíma og samverustundir.

Kjarr

Styrkleikar

Frjáls leikur er mikilvægasta námsleið barnanna þar sem þau læra að efla sköpunarkraft sinn, sitt áhugasvið, auka við félagsfærni sína og reynslu sína svo eitthvað sé nefnt. Frjáls leikur hefur fengið góðan tíma í dagskipulagi deildarinnar og í hópastarfi/útinámi er ávallt gefinn góður tími í frjálsan leik eftir skipulögð verkefni. Einnig er gefinn góður tími í tiltekt og eru öll börn virkjuð í að hjálpast að og þeim kennt mikilvægi þess að fara vel með þann efnivið sem leikskólinn á.
Almenn málörvun fer fram á deildinni í öllu daglegu starfi, við matarborðið, í leik, í fataklefanum og svo lengi mætti telja. Allir starfsmenn deildarinnar eru meðvitaðir um mikilvægi málörvunar og mikilvægi þess að leggja orð á allar athafnir yfir daginn til að byggja upp orðaforða barnanna. Markviss málörvun fer fram á degi hverjum í samverustundum deildarinnar, í hópastarfi og einnig útinámi. Farið er í Lubba stundir, sögur eru lesnar, lög eru sungin, farið er í ýmsa málörvunarleiki og margt fleira.

Tækifæri

Í frjálsa leiknum er ávallt hægt að bæta sig í að fylgjast betur með hverju barni fyrir sig, hvernig því gengur í félagslegum leik, hvort það nái að fylgja félagslegum reglum eða jafnvel hvort það eigi erfitt með að komast inn í félagslegan leik.
Fyrir markvissar málörvunarstundir væri gott að hafa aðgang að meira úrvali af efnivið sem styður við markvissa málörvun, líkt og fjölbreytt spil og góðan gagnabanka af verkefnum sem tengjast málörvun barna. Einnig mætti endurnýja bókasafn leikskólans þar sem margar bækurnar eru orðnar illa farnar og margar þeirra einnig orðnar úreltar.

Laut

Styrkleikar

Á deildinni eru allir starfsmenn duglegir að viðhalda samverustundunum, sem eru að morgni, í hádeginu og fyrir nónhressinguna. Misjafnt er hvort við syngjum og lesum.“ Lubbi finnur málbein“ er á hverjum degi kl:9. Í hópastarfi grípum við oft til málörvunar og erum þá að spila með börnunum.
Í listsköpun höfum við fasta liði sem við höfum ákveðið að gera ár hvert og eru fyrir fram ákveðnir af starfsmanna hópnum. Þess á milli fær starfsfólkið að koma með fleiri hugmyndir af verkefnum.

Tækifæri

Málörvunin mun styrkjast enn meira við það að bæta við spjalli um dagsetningu, veðurfar og klæðnað í enda Lubbastundarinnar.
Við erum að safna í verðlausa efnivið kassann okkar. – Þegar hann er tilbúinn bætist sá efniviður við leikinn, bæði frjálsa og í hópastarfi.

8.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna	Hlíð
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Allir starfsmenn taka þátt í útináminu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ekki hafa einn hóp í heila viku í útinámi heldur allir hópar fá útinám að minnsta kosti einu sinni í viku.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildafundum og starfsdögum munum við meta árangur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar við undirbúum næstu starfsáætlun, starfsdegi, munum við meta hvernig til tókst.

Kjarr

Deild/aldur barna	Kjarr
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa vikulega Blæ stund í minni hópum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa Blæ stund með litlum hóp fyrir ávaxtastund á morgnanna, lágmark 3svar í viku.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2026 Lokið maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með daglegum skráningum yfir Blæ stundir. Taka skal einn deildarfund á önn undir Blæ þar sem farið er í gegnum hvernig búið er að ganga og hvað má betur fara.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin nái að tileinka sér gildi og reglur vináttunnar í gegnum Blæ og að hann verði tákn vináttunnar á deildinni.

Deilda / aldur barnanna	**Laut yngsta deild**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla málörvunina
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að bæta við spjalli um dagsetningu, veður og klæðnað í samverustund á eftir Lubba innlögn. Hafðar eru myndir sem styðja við málið.
Ábyrgð	Deildastjóri sér um að útbúa myndirnar. Allir starfsmenn á deildinni skiptast á að taka samverustundirnar, svo að þær detti aldrei niður.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þegar aðlögun er komin vel á veg, eða búin, munum við bæta þessum breytingum við Lubbastundina.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á deildafundum og starfsdögum munum við meta árangur.

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar við undirbúum næstu starfsáætlun, starfsdegi, munum við meta hvernig til tókst.

F. h. leikskólans .....

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

8.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Steinahlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birta Sif Arnardóttir
Arnar Þór Arnarsson
Una Baldvinsdóttir
Gunnhildur Gunnarsdóttir
Hallgrímur Eggertsson
Þorgerður Hafstað
Tinna Rut Hauksdóttir
Juliana Werneburg

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Einn af helstu kostum Steinahlíðar er stöðuleiki leikskólans, sem byggist að miklu leyti á lítilli starfamannaveltu. Það endurspeglast líka í að starfsáætlun er í samræmi við starf leikskólans á síðasta ári.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er skýr og auðlesanleg.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Leikskólastarfinu eru gerð góð skil í starfsáætluninni og telja fulltrúar í foreldraráði að hún sé í samræmi við þeirra upplifun á því góða starfi sem fram fer í leikskólanum.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð gerir engar athugasemdir við starfsáætlunina.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Arnar Þór Arnarsson

Birta Sif Arnardóttir

Gunnhildur Gunnarsdóttir

Hallgrímur Eggertsson

Juliana Werneburg

Tinna Rut Hauksdóttir

Una Baldvinsdóttir

Þorgerður Hafstað

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST